



05. jan. 2013 kl 19.30

Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Ragnhildur, Elín, Guðbjörg og Ellert

Fjarverandi: Aníta og Sigrún

Mál sem tekin voru til umræðu:

- Við erum að heyra að bekkirnir séu að fara saman, einn af öðrum og nota styrkinn. Gaman að heyra af því og vonandi nota bekkjarfulltrúarnir allan styrkinn sem þeim er úthlutað og gera eitthvað skemmtilegt með bekknum.
- Stuttmyndadagar verða seinni hlutann í febrúar og er að komast mynd á þá.
- Okkar barst ábending frá foreldri varðandi breytingu á deiliskipulagi við Giljaskóla. Það mál hefur verið rætt innan skólans og ekki verið gerðar ahugasemdir, að því sem við best vitum. Við munum fylgjast með framvindu þessa máls og hvetjum alla foreldra til að hafa vakandi auga með umferð og öryggi barnanna á leið í og úr skóla. Endilega að koma ábendingum til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.
- Senda á út áminningarbréf til þeirra sem enn eiga eftir að greiða í Foreldrafélagið. Hvetjum við alla að greiða, en endilega að hafa samband við Elínu gjaldkera, ef að vandkvæði eru á því. Því að það kostar okkur líka að senda út seðla sem ekki eru greiddir, þá er betra að heyra frá fólki um annað fyrirkomulag.
- Góð mæting er í hafragrautinn á morgnana og er það vel. Enginn á að þurfa að fara svangur í fyrsta tíma.

Næsti Stjórnarfundur er þriðjudaginn 5 feb. kl 19.30

Fundarritari: Ellert Guðmundsson